

Hitaveita Seltjarnarness

Ársreikningur
2018

Hitaveita Seltjarnarness

Austurströnd 2

170 Seltjarnar

Kt. 430576-0119

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar veitustofnana og veitustjóra	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar veitustofnana og veitustjóra

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðs reikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Rekstrarniðurstaða Hitaveitunnar var jákvæð á árinu 2018 að fjárhæð 12,2 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé Hitaveitunnar var jákvætt um 71,7 millj. kr í árslok samkvæmt efnahagsreikningi.


Laun og tengd gjöld Hitaveitunnar námu 34,7 millj.kr. á árinu og fjöldi ársverka var 3.

Hitaveita Seltjarnarness er að fullu í eigu Seltjarnarbæjar.


Stjórn veitustofnana Seltjarnarness og veitustjóri staðfesta hér með ársreikning Hitaveitunnar fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 27. mars 2019

Stjórn veitustofnana:

The image shows three handwritten signatures in black ink. The top signature is 'Þorgeir Hauðsson', the middle one is 'Guðm. J. Helgason', and the bottom one is 'F. Steindóttir'.

Veitustjóri:

The image shows a single handwritten signature in black ink, which reads 'Gísli Henningsson'.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til veitustjórnar og eigenda Hitaveitu Seltjarnarness.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Hitaveitu Seltjarnarness („veitan“) fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremmisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu veitunnar 31. desember 2018 og afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð veitunni í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og veitustjóra á ársreikningnum

Stjórn og veitustjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og veitustjóra að leggja mat á rekstrarhæfi veitunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi sé það ekki lengur til staðar.

Stjórn og veitustjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits veitunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningsskaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og veitustjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi veitunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi veitunnar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreiknings í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar veitustjóra sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 27. mars 2019.

KPMG ehf.

Guðný P. Guðmundsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017
Rekstrartekjur				
Selt heitt vatn		171.642	170.534	166.882
Aðrar tekjur		1.374	0	3.077
		173.015	170.534	169.959
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	19	34.739	24.642	34.574
Annar rekstrarkostnaður		91.166	103.450	109.428
Afskriftir	11	14.261	14.135	14.235
		140.166	142.227	158.237
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		32.850	28.307	11.722
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Fjármunatekjur		1.765	7.035	1.450
Fjármagnsgjöld		(15.340)	(21.070)	(12.960)
		(13.576)	(14.035)	(11.510)
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta		19.274	14.273	212
Tekjuskattur	13,18	(7.043)	0	(76)
Rekstrarniðurstaða		12.232	14.273	136

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýr.	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017
Fastafjármunir:				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Fasteignir	11	871	568	961
Veitukerfi og borholur		292.363	243.064	262.654
Vélar og tæki		2.832	3.828	3.744
		<u>296.066</u>	<u>247.459</u>	<u>267.360</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Eignarhlutir í tengdum félögum	12	127	127	127
Tekjuskattseign	13	47.998	55.117	55.041
		<u>48.125</u>	<u>55.245</u>	<u>55.168</u>
		<u>344.191</u>	<u>302.704</u>	<u>322.528</u>
		Fastafjármunir		
Veltufjármunir:				
Birgðir.....		7.609	4.550	4.015
Skammtímakröfur:				
Aðrar skammtímakröfur		38.815	31.758	41.604
Handbært fé:				
Sjóður og bankainnstæður		15.470	30.636	24.694
		<u>62.253</u>	<u>66.943</u>	<u>70.313</u>
		Veltufjármunir		
		Eignir samtals		
		<u>406.444</u>	<u>369.647</u>	<u>392.841</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eigið fé og skuldir	Skýr.	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017
Eigið fé				
Eiginfjárreikningur	15	71.656	66.178	59.425
Skuldbindingar	16			
Lífeyrisskuldbinding		74.534	80.726	74.184
Næsta árs greiðslur lífeyrisskuldbindingar.....		(3.302)	0	(3.254)
Skuldbindingar		71.232	80.726	70.930
Langtímaskuldir	17			
Langtímaskuldir við Aðalsjóð.....		251.961	210.810	204.331
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....		(12.618)	0	(9.388)
Langtímaskuldir		239.343	210.810	194.943
Skammtímaskuldir				
Aðalsjóður Seltjarnarness.....		0	7.742	49.640
Næsta árs greiðslur lífeyrisskuldbindingar.....	16	3.302	0	3.254
Næsta árs afborganir - Aðalsjóður.....	17	12.618	0	9.388
Ýmsar skammtímaskuldir.....		8.293	4.192	5.262
Skammtímaskuldir		24.213	11.933	67.544
Skuldir samtals		334.788	303.470	333.416
Skuldir og eigið fé samtals		406.444	369.647	392.841

Sjóðstreymisyfirlit árið 2018

	Skýr.	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017
Rekstrarhreyfingar				
Rekstrarniðurstaða.....		12.232	14.273	136
Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:				
Afskriftir	11	14.261	14.135	14.235
Verðbætur, aðalsjóður		6.620	0	3.649
Tekjuskattseign, breyting		7.043	0	76
Breyting á lífeyrisskuldbindingu		2.799	7.139	2.753
Veltufé frá rekstri		<u>42.954</u>	<u>35.547</u>	<u>20.850</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:				
Birgðir, (hækkun) lækkun		(3.594)	0	534
Aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		2.431	0	(9.847)
Skammtímaskuldir, hækkun		3.031	0	1.070
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar		(2.449)	0	(2.156)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>(582)</u>	<u>0</u>	<u>(10.399)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>42.372</u>	<u>35.547</u>	<u>10.452</u>
Fjárfestingarhreyfingar				
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	11	(42.967)	(20.000)	(40.000)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(42.967)</u>	<u>(20.000)</u>	<u>(40.000)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:				
Afborganir langtímalána		0	11.508	0
Aðalsjóður Seltjarnarness, breyting.....		(8.629)	(10.445)	40.216
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(8.629)</u>	<u>1.063</u>	<u>40.216</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé.....		(9.224)	16.610	10.668
Handbært fé í ársbyrjun.....		24.694	14.026	14.026
Handbært fé í árslok.....		15.470	30.636	24.694

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðs reikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Innlausn tekna

2. Tekjur eru færðar í ársreikninginn þegar kröfuréttur myndast.

Færsla gjalda

3. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Varanlegir rekstrarfjármunir

4. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð.

Eignarhlutir í öðrum félögum

5. Eignarhlutir í tengdum félögum eru færðir til eignar á upphaflegu kaupverði

Grundvöllur reikningsskilanna

6. Tekjuskattseign (og tekjuskattsskuldbinding) er reiknuð og færð í ársreikninginn, en hún stafar af mismun í skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar einkum um að ræða tímamismun vegna þess að tekjur og gjöld eru færð á öðrum tíma í ársreikningi en í skattauppgjöri. Samkvæmt gildandi skattalöggjöf er yfirfæranlegt skattalegt tap nýtanlegt á móti skattskyldum hagnaði í tíu ár frá því það myndast. Lagt hefur verið mat á nýtingu yfirfæranlegs skattalegs taps og áætlanir gerðar um skattskyldan hagnað á næstu árum. Tekjuskattseign vegna yfirfæranlegs skattalegs taps er færð upp að því marki sem talið er að það nýtist.

Útreikningur á tekjuskattsskuldbindingu og tekjuskattseign byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi, nú 37,6%.

Birgðir

7. Birgðir eru metnar á kostnaðarverði, að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara.

Skammtímakröfur

8. Skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign hitaveitunnar, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

Skýringar frh.

Handbært fé

9. Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

Lífeyrisskuldbinding

10. Áætluð lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna veitunnar er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi í árslok 2018. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 16.

Varanlegir rekstrarfjármunir

11. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti, greinast þannig:

	Fasteignir	Veitukerfi og borholur	Vélar og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2018.....	13.843	1.159.776	18.009	1.191.629
Afskrifað áður	(12.882)	(897.122)	(14.265)	(924.269)
	961	262.654	3.744	267.360
Viðbót á árinu	0	42.967	0	42.967
Afskrifað á árinu	(90)	(13.258)	(913)	(14.261)
Bókfært verð 31.12.2018.....	871	292.363	2.832	296.066
Afskriftarhlutföll	1,5%	2 - 15%	15%	
Opinbert mat fasteigna skiptist þannig:		Fasteignamat 31. 12. 2018	Brunabótamat 31. 12. 2018	Bókfært verð 31. 12. 2018
Fasteignir.....		10.610	20.750	871
Dælustöðvar.....		1.278	0	3.017
		11.888	20.750	3.888

Áhættufjármunir og langtímakröfur

12. Eignarhlutir í tengdum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Hrólfskálamelur ehf., Austurströnd 2, Seltjarnarnesi.....	10,00%	100	127

Skýringar frh.

Tekjuskattseign

13. Tekjuskattseign greinist þannig:

Tekjuskattseign í ársbyrjun.....	55.041
Tekjuskattur ársins.....	(7.043)
Tekjuskattseign í árslok.....	<u>47.998</u>

Tekjuskattseign skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

Varanlegir rekstrarfjármunir.....	11.912
Lífeyrisskuldbinding.....	28.025
Viðskiptakröfur.....	564
Yfirfæranlegt skattalegt tap	9.739
Niðurfærsla á yfirfæranlegu skattalegu tapi.....	(2.242)
Tekjuskattseign í árslok.....	<u>47.998</u>

Skammtímakröfur

14. Niðurfærsla skammtímakrafna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun	1.500
Niðurfærsla í árslok	<u>1.500</u>

Eigið fé

15. Yfirlit um eigið fé:

Flutt frá fyrra ári.....	59.425
Rekstrarniðurstaða ársins.....	12.232
Eigið fé samtals 31.12.2018.....	<u>71.656</u>

Lífeyrisskuldbinding

16. Breyting lífeyrisskuldbindingar á árinu greinist þannig:

Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun.....	74.184
Breyting áunninna réttinda á árinu	2.799
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar á árinu.....	(2.449)
Lífeyrisskuldbinding í árslok 2017.....	74.534
Næsta árs greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar, áætlun.....	(3.302)
	<u>71.232</u>

Skýringar frh.

Langtímaskuldir

17. Yfirlit um langtímaskuldir: 2018

Aðalsjóður, verðtryggt lán með 4,0% vöxtum.....	251.961
	251.961

Afborganir af langtímaskuldum sjóðsins greinast þannig á næstu ár:

	Samtals
Árið 2019.....	12.618
Árið 2020.....	13.022
Árið 2021.....	13.441
Árið 2022.....	13.878
Árið 2023.....	13.514
Afborgun síðar	185.488
Langtímaskuldir alls.....	251.961

Skattamál

18. Tækjuskattur í ársreikningi greinist þannig:

Reiknaður tækjuskattur 2018.....	7.043
----------------------------------	-------

Ekki kemur til álagningar tækjuskatts á árinu 2018 vegna ójafnaðs skattalegs taps frá fyrri árum sem greinast þannig í árslok:

Tap ársins 2010, nýtanlegt til ársloka 2020	272
Tap ársins 2011, nýtanlegt til ársloka 2021	12.916
Tap ársins 2012, nýtanlegt til ársloka 2022	11.263
Tap ársins 2014, nýtanlegt til ársloka 2024	4.451
Tap ársins 2015, nýtanlegt til ársloka 2025	2.850
Tap ársins 2017, nýtanlegt til ársloka 2027	2.982
	34.734

Laun og launatengd gjöld

19. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017
Laun	27.776	15.771	27.088
Launatengd gjöld	4.164	4.548	4.733
Breyting lífeyrisskuldbindingar.....	2.799	4.323	2.753
	34.739	24.642	34.574

